



Umhverfissráðuneytið
fr. Sigurbjörg Sæmundsdóttir
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. júlí 2007
Tilvísun: 2007070011
Bréfalykill: 22.10

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um varnir gegn mengun vegna meðferðar og geymslu á olíu og líkum efnum

Vísað er til tölvupósts Sigurbjargar Sæmundsdóttur um málefnið frá 12. júlí 2007 ásamt meðfylgjandi ritvinnsluskrá í breytingaham með drögum að nýrri reglugerð umhverfissráðuneytisins, er kæmi í stað núgildandi reglugerðar nr. 35/1994. Sérstaklega er vísað til 4. greinar í drögunum og til mynda í viðauka 2 með núgildandi reglugerð.

Orkustofnun telur skynsamlegt að miða áfram við grunnvatnsstreymi á lengdarmetra niður á 50 m dýpi frá yfirborði, og taka þannig tillit til sameinaðra áhrifa berglektar, sprungulektar og vatnshalla í einu lagi. Varðandi myndir í viðauka 2, þá gefur viðbótarþekking ekki tilefni til að breyta þeim að sinni og standa þær því enn fyrir sínu. Í meðfylgjandi ritvinnsluskrá eru settar inn ábendingar Orkustofnunar um mögulegar breytingar á drögunum. eru þær í breytingaham og merktar Kristni Einarssyni.

Í 2. gr. er lagt er til að setja inn orðið **svæði** í staðinn fyrir orðið **staður** í skilgreiningu orðanna afgreiðsluplans og áfyllingarplans. Í sömu grein er lagt til að skjóta inn orðunum **olíu þ.m.t.** á undan orðinu **olíugufa** í skilgreiningu orðsins lekaeftirlit.

Í 4. gr. er lagt til að skjóta inn orðinu **sbr.** á undan orðinu **ákvæði** í 1. lið undir flokki A. Í sömu grein er lagt til í 3. lið undir flokkum A og B að skjóta inn orðinu **á** og rita "0.001 l/s á lengdarmetra", og gera ákvæðin þannig skýrari.

Varðandi 14. grein er ekki komið með tillögu um breytingar, en bent skal á að óljóst kann að vera hvort átt er við ytra eða innra byrði olíulagna, eða hvorutveggja, þegar kveðið er á um tæringarvarnir á olíulögnum neðanjarðar, í jarðveggsgörðum eða neðansjárvar.

Í 27. grein er lagt til að breyta lektareiningu úr cm/s í m/s, með tilheyrandi breytingu á veldisvísi úr mínus 5 í mínus 7.

Virðingarfyllt

Kristinn Einarsson

Elín Smáradóttir

Fylgiskjöl:

Ritvinnsluskrá með drögum að reglugerð